



**YFIRLÝSING
FORSETA ÍSLANDS
VEGNA NIÐURSTÖÐU ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLU
UM ICESAVE**

Þjóðin hefur nú kveðið upp sinn dóm og axlað á ótvíræðan hátt þá ábyrgð sem stjórnarskráin færir henni. Mikil kosningaþátttaka og víðtæk og efnisrík umræða sem fram fór í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar sýna hve mikilvægt og afdrifaríkt málið var í huga þjóðarinnar.

Þótt úrslitin kunni að falla fólki misjafnlega í geð ber öllum að virða rétt þjóðarinnar til að ráða úrslitum. Niðurstaðan má ekki sundra okkur né leiða til langvarandi deilna því brynna er en nokkru sinni að við stöndum saman.

Þjóðin hefur sýnt á skýran hátt að hún ræður vel við að leiða flókin mál til lykta. Samningnum sem lá á borðinu fyrir rúmu ári var hafnað með afdráttarlausum hætti. Nú þegar samningur með til muna minni fjárskuldbindingum kom til ákvörðunar hlaut hann mikinn stuðning þótt meirihluti væri á móti. Kenningin um að þjóðin geti ekki farið með lokavald í flóknum málum hefur því reynst tilhæfulaus. Þjóðaratkvæðagreiðslurnar báðar eru sönnun þess að beint lýðræði er farsæll farvegur fyrir lausnir á vandamálum sem eru stofnunum þrautin þyngri. Vonandi mun þessi reynsla móta lýðræðisskipan Íslendinga til frambúðar.

Þjóðaratkvæðagreiðslurnar um Icesave, bæði þessi og sú sem fram fór í fyrra, hafa og haft í för með sér veigamikla ávinninga.

Þær hafa gert þjóðinni kleift að endurheimta lýðræðislegt sjálfstraust sitt, treyst þá sýn að þjóðin sé gerandi í eigin málum. Hrunið fól ekki aðeins í sér gríðarleg efnahagsleg áföll. Það lamaði líka vilja þjóðarinnar, dró kjark úr fólkinu í landinu. Því var ekki síður þörf á lýðræðislegri viðspyrnu. Atkvæðagreiðslurnar hafa fært þjóðinni sjálfstraustið á ný; sýnt að vald hennar getur ráðið úrslitum um torleyst mál. Slíkt er dýrmætt veganesti.

Þá nýtur málstaður Íslands nú víðtæks stuðnings á alþjóðavettvangi. Kröfurnar sem ríkisstjórnir Bretlands og Hollands héldu til streitu allt árið 2009 hafa síðan hlotið harðan dóm enda skortir þær bæði málefnalega kjölfestu og sanngirni.



Íslenska þjóðin hefur tvívegis talað skýrt í þessu máli í samræmi við þá lýðræðishugsjón sem er mikilvægasta framlag Evrópu til heimssögunnar. Það hljóta forystumenn annarra ríkja og alþjóðastofnana að virða og meta. Lausnir á deilum sem rætur eiga í fjármálum og mistökum í bankarekstri verða að taka mið af þeim lýðræðislegu leikreglum sem móta stjórnskipan Vesturlanda.

Þrátt fyrir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar nú er eðli Icesave málsins á þann veg að ríkissjóðir Bretlands og Hollands munu fá gríðarlegar fjárhæðir í sinn hlut úr þrotabúi Landsbankans og munu fyrstu greiðslurnar hefjast innan fárra mánaða. Alls gætu þessar greiðslur til Breta og Hollendinga úr þrotabúi bankans numið rúmlega 1.000 milljörðum íslenskra króna. Það er því rangt að fullyrða að Bretar og Hollendingar fái ekkert í sinn hlut.

Í vegferðinni sem framundan er blasir við að staða Íslendinga er sterk. Það verðum við öll að hafa í huga; einkum þeir sem kjörnir eru til forystu. Við höfum sýnt sanningsvilja og sanngirni en jafnframt staðið á lýðræðislegum og lagalegum rétti okkar.

Á komandi tímum er mikilvægt að halda hátt á loft málstað þjóðarinnar í hinni alþjóðlegu umræðu, flytja sterk rök einum rómi.

Styrkur Íslendinga felst ekki aðeins í lýðræðislegum vilja þjóðarinnar heldur líka í þeim krafti sem býr í fólkinu sjálfu og auðlindum landsins. Þrátt fyrir margvíslega erfiðleika í kjölfar bankahrunsins hefur á undanförunum misserum náðst góður árangur í fjölda atvinnugreina. Það gildir meðal annars um sjávarútveg, ferðaþjónustu, flugrekstur, stóriðju, upplýsingatækni, matvælagarð, hönnun, lyfjaframleiðslu og fleiri greinar.

Auðlindir landsins verða sífellt verðmætari á veraldarvísu, lega þess á Norðurslóðum laðar mörg ríki til samvinnu við okkur; menntun, menning og hæfileikar leiða til nýsköpunar á fjölda sviða.

Brýnt er að við tökum nú höndum saman og treystum samstöðuna í kjölfar þeirrar ákvörðunar sem þjóðin hefur tekið. Höldum því til haga að við gerum margt vel en við þurfum líka að efla samræðuna um árangur, tækifærin og framtíðina.

Bessastöðum, 10. apríl 2011